

***Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags 26. febrúar 2021 um drög að reglum um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.***

Reykjavík 26. febrúar 2021

Umsögn fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalins í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða um endurskoðaðar reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík. Berist til skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Fulltrúum Samfylkingar, Viðreisnar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalins í Íbúaráði miðborgar og hlíða finnst mikil bót að endurskoðuðum reglum um bílastæðakort fyrir íbúa.

Fulltrúar taka undir með umsögn íbúasamtökum miðborgar og óskar eftir að það sé rýnt sérstaklega að útgjöld aukist ekki á íbúa í miðborg, að flækjustig sé minnkað og þjónusta aukin. Val gæti verið um gildistíma frá styttri yfir í lengri tíma í þágu þarfa íbúa.